

# Lög Vindáshlíðar

Samþykkt á aðalfundi Hlíðarmeyja KFUK 26. maí 2020

## 1. grein

Starfsgreinin heitir Sumarstarf KFUK (Kristilegt félag ungra kvenna) í Vindáshlíð og er sjálfstæð starfsgrein í starfi KFUM og KFUK á Íslandi og hefur starfsemi þess aðsetur í Vindáshlíð í Kjós.

## 2. grein

Markmið Sumarstarfs KFUK er:

- a) að vinna ungar stúlkur fyrir Jesúm Krist
- b) að stuðla að viðhaldi og uppbyggingu á húseignum, umhverfi og skógrækt staðarins.
- c) að vekja áhuga á útiveru og náttúru Vindáshlíðar.

## 3. grein

Hlíðarstúlkur nefnast allar þær, sem dvelja minnst þrjá sólarhringa samfleytt í Vindáshlíð á vegum KFUM og KFUK á Íslandi og eru félagar í einhverri deild félagsins.

## 4. grein

Stjórn sumarstarfsins skal boða til almennrar samveru fyrir Hlíðarstúlkur að minnsta kosti einu sinni á ári, þar sem Guðs orð er boðað.

## 5. grein

Aðalfundur skal haldinn fyrir 15. apríl ár hvert og til hans boðað með minnst viku fyrirvara.

Atkvæðisrétt hafa félagar í KFUM og KFUK á Íslandi sem greitt hafa félagsgjöld.

Á aðalfundi skal kjósa í stjórn. Stjórnina skipa sjö félagar í KFUM og KFUK á Íslandi. Einn er tilnefndur af stjórn KFUM og KFUK á Íslandi til eins árs í senn. Sex eru kosnir til tveggja ára í senn og þannig að á víxl gangi þrjú félagar í KFUM og KFUK á Íslandi úr stjórn á hverjum aðalfundi. Tveir varamenn skulu kjörnir til eins árs á aðalfundi Vindáshlíðar. Áður en kosið er um varamenn skal niðurstaða kosninga aðalmanna liggja fyrir.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum

Á aðalfundi skulu enn fremur tilnefndir tveir skoðunarmenn reikninga, til eins árs í senn.

Stjórnin skal á hverjum aðalfundi gefa skýrslu um starf KFUK í Vindáshlíð á liðnu ári og jafnframt leggja fram endurskoðaða rekstrar- og efnahagsreikninga til samþykktar.

## 6. grein

Eigi síðar en mánuði fyrir hvern aðalfund, skipar stjórn Sumarstarfsins tvo féлага úr KFUM og KFUK á Íslandi í kjörstjórn. Skal hún vera utan stjórnar. Hlutverk kjörstjórnarinnar er að taka á móti tillögum og setja upp kjörlista með allt að tíu nöfnum. Kjörgengir eru félagar í KFUM og KFUK á Íslandi. Tillögur um féлага úr KFUM og KFUK á Íslandi á kjörlista skulu berast kjörstjórn eigi síðar en tíu dögum fyrir aðalfund. Ef engar tillögur berast velur kjörstjórn sjálf féлага úr KFUM og KFUK á Íslandi á listann.

## **7. grein**

Stjórnin heldur fundi einu sinni í mánuði og oftari ef þörf krefur. Formaður boðar til stjórnarfunda og stýrir þeim. Gjaldkeri skal annast reikningshald og hafa umsjón með rekstrar- og efnahgsreikningum. Ritari skal halda fundagerðarbók og færa í hana það, sem gerist á fundum stjórnarinnar og á aðalfundi. Auk þess semur hann starfsskýrslu stjórnarinnar fyrir hvern aðalfund.

## **8. grein**

Eigi má ávaxta sjóði í eigu Sumarstarfs KFUK í Vindáshlíð nema í bönkum eða sparisjóðum, né veita lán úr þeim. Þó skal stjórn Sumarstarfs KFUK í Vindáshlíð heimilt að ráðstafa sjóðum og eignum á annan hátt ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, þó aðeins með fullu samþykki stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi. Eigi má þó ráðstafa eignum eða tekjum Sumarstarfs KFUK í Vindáshlíð eða veðsetja þær nema í beina þágu Sumarstarfs KFUK í Vindáshlíð og í samræmi við tilgang þess.

## **9. grein**

Leggist Sumarstarf KFUK í Vindáshlíð niður af einhverjum ástæðum skal stjórn KFUM og KFUK á Íslandi ráðstafa eignum þess. Sumarstarf KFUK í Vindáshlíð getur ekki gengið úr KFUM og KFUK á Íslandi með eignir sínar.

## **10. grein**

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi og þarf 2/3 fundarmanna til að samþykkja lagabreytingar. Tillögur um lagabreytingar skulu berast stjórn sumarstarfsins skriflega eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund og lagðar fyrir stjórnarfund, næstan á undan aðalfundi. Jafnframt skulu þær liggja frammi í Aðalstöðvum KFUM og KFUK á Íslandi. Lagabreytingar öðlast því aðeins gildi að stjórn KFUM og KFUK á Íslandi staðfesti þær.